

Ed.

572. Nefndarálit

[63. mál]

um frv. til laga um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefur haft frumvarpið til athugunar og rætt það á fundum sínum. Þá sendi nefndin frumvarpið til umsagnar eftirtalinna aðila: Landssambands íslenskra útvegsmanna, Sambands íslenskra samvinnufélaga, Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda, Síldarverksmiðja ríkisins og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna.

Í umsögnum ofangreindra aðila kemur fram, að Samband ísl. samvinnufélaga og Sölusamband ísl. fiskframleiðenda gera ekki athugasemdir við frumvarpið og leggja til, að málið verði samþykkt.

Landssamband ísl. útvegsmanna mælir einnig með, að málið verði samþykkt, en leggur jafnframt til, að gerðar verði nokkrar breytingar á frumvarpinu.

Stjórn síldarverksmiðja ríkisins telur, að stofnun Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins sé svo vandasamt verk, að það verði ekki gert, svo að í lagi sé, nema með meiri undirbúningi en enn hafi átt sér stað. Hins vegar telur stjórnin hugmyndina góða og verða þess, að hún verði athuguð gaumgæfilega. Leggur stjórn Síldarverksmiðja ríkisins til, að skipuð verði millipinganefnd til að gera tillögur um málið.

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna tekur ekki afstöðu til frumvarpsins í heild né sérstakra greina þess, en telur, að málið þurfi miklu nánari athugunar við, áður en það sé samþykkt. Sölumiðstöðin leggur til, að skipuð verði sérstök nefnd með aðild fulltrúa fiskiðnaðarins, sem semdi frumdrög að reglugerð um starfshætti hugsanlegs Verðjöfnunarsjóðs.

Það er álit sjávarútvegsnefndar, að hér sé um mikið nauðsynjamál að ræða. Hinar miklu sveiflur, sem á undanförunum árum hafa átt sér stað í sjávarafla og heimsmarkaðsverði sjávarútvegsframleiðslunnar, tala sínu máli um nauðsyn þess, að komið verði á meira jafnvægi í rekstrinum en nú á sér stað. — Með lögum um Aflatryggingarsjóð sjávarútvegsins voru af hálfu hins opinbera gerðar veigamiklar ráðstafanir til þess að draga úr þeim erfiðleikum, sem skapast, þegar aflabrest ber að höndum. — Með því frumvarpi, sem hér um ræðir, ef að lögum verður, er hins vegar gert ráð fyrir að auka jafnvægi í verðlagi milli ára.

Sjávarútvegsnefnd telur nauðsynlegt, að gerðar verði nokkrar breytingar á einstökum greinum frumvarpsins. Breytingartillögur nefndarinnar eru fluttar á sérstöku þingskjali, en þannig breytt leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 25. apríl 1969.

Pétur Benediktsson,
form.

Jón Árm. Héðinsson,
fundaskr.

Jón Árnason,
frsm.

Bjarni Guðbjörnsson.

Ólafur Jóhannesson.
Gils Guðmundsson.

Sveinn Guðmundsson.